

**Sp.**

**853. Fyrirspurn**

[493. mál]

til tryggingamálaráðherra um útreikning á hækkun tryggingariðgjalda á bifreiðum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða gögn þurfa tryggingafélögin að senda Tryggingaeftirliti ríkisins vegna umsókna um hækkun iðgjalda bifreiðatrygginga og hve oft á ári?
2. Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings í hverju félagi um sig vegna mats á hækkun iðgjalda?
3. Hvaða vinnulagsregla liggur til grundvallar samþykki á iðgjaldabreytingu hjá Tryggingaeftirliti ríkisins:
  - a. Er kostnaður við fjármögnun rekstrar- og efnahagsliða metinn og þá hvernig?
  - b. Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins sérstaklega fjárbindingu tryggingafélaganna, annars vegar hjá almennum skuldunautum vegna tjóna og trygginga og hins vegar á verðbréfamörkuðum og hjá bifreiðaumboðum? Ef þessi skoðun fer fram hvert er hlutfall fjárbindingar þar á milli?
  - c. Notar Tryggingaeftirlit ríkisins vegið meðaltal í mati á hækkunarþörf bifreiðatrygginga?
4. Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins lagt mat á flokkun tryggingariðgjalda eftir bifreiðagerðum? Hvert er vægi innkaupsverðs bifreiðar og hvernig er tjónatíðni hvernar bifreiðategundar fyrir sig fundin?
5. Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins skoðað forsendurnar fyrir mismunandi iðgjöldum eftir landshlutum? Hvert er vægi iðgjalda í hverjum landshluta fyrir sig og hvert er hlutfall tryggðra bifreiða sem lenda í tjónum á hverju áhættusvæði fyrir sig og á hvaða áhættusvæðum eru þær tryggðar?

Skriflegt svar óskast.